

SAMVINNA UM LÆSI

Tillaga að foreldrafræðslu
um gagnvirkan lestur og
umræður



Auður Björgvinsdóttir



Miðstöð menntunar
og skólajónustu

*Samvinna um læsi – Tillaga að foreldrafræðslu um
gagnvirkan lestur og umræður*

Ritstjóri: Guðbjörg R. Þórisdóttir
Málfarslestur: Ingólfur Steinsson

1. útgáfa 2021

Endurskoðuð útgáfa 2026

© Miðstöð menntunar og skólaþjónustu
Hönnun og umbrot: Menntamálastofnun

Bók þessa má eigi afrita með neinum hætti,
svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun,
eða á annan sambærilegan hátt, að hluta til eða
í heild, án skriflegs leyfis höfundar eða útgefanda.

ISBN: 978-9979-0-2590-0

SAMVINNA UM LÆSI

**Tillaga að foreldrafræðslu
um gagnvirkan lestur og umræður**



Handbók



Miðstöð menntunar
og skólajónustu

Efnisyfirlit

Fræðslufundir fyrir foreldra um lestur og lestrarnám.....	5
Íslenska sem annað tungumál	6
Hlutverk skóla og heimila í eflingu lesskilnings	7
Markmið fræðslunnar.....	7
Skipulag, efni og framkvæmd.....	8
Tillaga að framkvæmd	9
Tillaga að foreldrafræðslu.....	10
Kynning á efni fundar og starfsfólki	10
Markmið með lestri og samræðum	10
Lestur er verkfæri til náms	10
Mikilvægi þess að ræða innihald texta	11
Lesskilningur	12
Mikilvæg hugtök	13
Undirstöður lesskilnings: Fimm þættir	14
Lesfimi er grunnur að lesskilningi	14
Orðaforði	15
Bakgrunnsþekking	16
Ályktunarhæfni	16
Stýrifærni	18
Ferli gagnvirks lestrar	20
Gagnvirkur lestur: Ferlið	20
Gagnvirkur paralestur: Myndbönd	21
Gagnvirkur paralestur: Æfing	22
Að lokum	23
Skipulag gagnvirks paralestrar og texti	24
Heimildir og ítarefni.....	26

Fræðslufundir fyrir foreldra um lestur og lestrarnám

Opin og hreinskiptin samskipti milli aðila sem eiga sameiginlega hagsmuna að gæta eru afar mikilvæg. Þetta gildir ekki síst um samstarf heimila og skóla enda sameiginlegt hagsmunamál að efla nemendur á allan hátt. Eitt af lögbundnum hlutverkum grunnskóla er að hafa frumkvæði að þessu samstarfi. Í aðalnámskrá grunnskóla kemur fram að gagnkvæm upplýsingagjöf og samráð sé forsenda árangursríks skólastarfs. Þar er einnig bent á gildi þess að foreldrar kynnist daglegu starfi skólans, enda aukist þá líkur á þátttöku þeirra sem getur stuðlað að bættum árangri og líðan barnanna.

Það vill gleymast að eina reynsla margra foreldra af starfi grunnskóla er eigin skólaganga og því nauðsynlegt að þeir fái tækifæri til að kynnast skólastarfinu og eiga samtal við kennara barna sinna um ólík hlutverk og ábyrgð í náminu. Þegar upp er staðið er farsælast að allir sem að námi barna koma taki höndum saman með gagnkvæmri virðingu fyrir þekkingu hvers annars.

Þar sem áherslur skóla geta verið mismunandi verður að líta á þetta efni sem tillögu að foreldrafræðslu. Nauðsynlegt er að útbúin sé sérstök kynning í hverjum skóla, tekin afstaða til þess hve mikið af upplýsingum úr þessari handbók eru nýttar og hvort haldinn sé fundur eða efninu miðlað eftir öðrum leiðum.



Uppsetning fræðsluefnisins er með þeim hætti að sett hefur verið upp dæmi um glæruefni sem hægt er að styðjast við að eins miklu leyti og hentar hverjum skóla fyrir sig. Hverri glæru fylgir ítarlegri umfjöllun um efnið til að auðvelda flytjendum að skipuleggja mál sitt. Einnig eru tilvísanir í frekara lesefni og heimildir.

Íslenska sem annað tungumál

Hafa þarf í huga hvaða stefnu sveitarfélagið hefur mótað sér varðandi nemendur og foreldra sem hafa íslensku sem annað tungumál (ÍSAT). Hér að neðan eru nokkur atriði sem vert er að hafa í huga ef foreldrar með íslensku sem annað tungumál eru í þeim hópi sem fræðslan er ætluð en í grunninn á hið sama að gilda um alla nemendur skólans.

- Foreldrar allra nemenda eiga að fá sömu skilaboð óháð móðurmáli, enda stunda nemendurnir lestrarnám sitt á íslensku í íslenskum skóla.
- Hlutverk túlka er að koma skilaboðum skólans á framfæri.
- Mikilvægt er að fundarboð til foreldra með annað tungumál en íslensku sé skýrt og að fram komi að túlkur verði á staðnum. Foreldrar með annað mál en íslensku þurfa að fá þau skilaboð að ætlast sé til að þeir lesi með börnum sínum á íslensku og að mikilvægt sé að viðhorf til íslenskunnar á heimilinu sé jákvætt. Þrátt fyrir að lesið sé á íslensku er hægt að ræða um innihaldið á móðurmálinu.
- Íslensku ætti að nota helming vökutíma barnsins. Mikilvægt er að útskýra fyrir foreldrum að tungumál landsins þar sem fjölskyldan býr þarf að vera sterkara tungumálið ef barnið á að spjara sig í námi og leik. Einnig að þrátt fyrir að þeir kunni ekki íslensku sé stuðningur þeirra við nám barnsins afar mikilvægur.

- Gott getur verið að nýta tækifærið til að kynna aðstoð sem er í boði utan skólans t.d. heimanámsaðstoð og slíkt á þessum fundi.

Mikill munur er milli skóla hvað varðar fjölda nemenda með íslensku sem annað tungumál og hve fjölbreyttur sá hópur er. Ef margir hafa sama heimamál er hugsanlegt að vera með sérstakan fund með túlki fyrir þá. Einnig getur í einhverjum tilfellum hentað að vera með fræðsluna tengt einstaklingsviðtali með túlki. Ávallt verður þó að hafa í huga að sömu skilaboð berist til allra.

Stuðningsefni

- [Vefur Miðju máls og læsis](#)
- [Móðurmál](#)
- [Velkomin/n vefurinn](#)
Á vefnum má finna mörg mikilvæg atriði sem ætluð eru foreldrum og snúa að námi barna sem hafa íslensku sem annað tungumál.

Hlutverk skóla og heimilis í eflingu lesskilnings

Lesskilningur er flókið fyrirbæri og háður fjölmörgum þáttum eins og kemur fram í þessari fræðslukynningu. Með því að kenna foreldrum góðar aðferðir er hægt að auka gildi heima-lestrar. Það verður þó ávallt að hafa í huga að hlutverk skólans er að kenna þó heimilum sé falið þjálfunarhlutverkið. Aðferð eins og gagnvirkur lestur, ætti því að kenna nemendum markvisst í skólanum. Þannig tekur skólinn að

sér að kenna bæði nemendum og foreldrum aðferð sem er gagnleg í heimalestri og í kjölfarið er gott að senda heim valda texta sem búið er að skipta upp í hæfilegar einingar til að lesa heima og auka þannig líkurnar á að aðferðin sé notuð og þjálfuð. Upplagt er að nýta texta úr efni sem verið er að vinna með í skólanum.

Markmið fræðslunnar

Markmið með fræðslunni er að auka þekkingu foreldra á lestraraðferðum og kennsluháttum, leggja grunn að samstarfi milli heimila og skóla um lestrarnám barnanna. Þannig eru auknar líkur á að námið gangi vel og því mikilvægt að skilaboðin til foreldra séu vel ígrunduð. Gott er að gera grein fyrir stefnu skólans varðandi samstarfið, hvaða hlutverk eru ætluð foreldrum og rökstyðja hvers vegna. Mikilvægt er að hafa í huga að í fjölbreyttum foreldrahópi býr ýmiss konar þekking en líklegt er að flestir foreldrar hafi takmarkaða þekkingu á lestrarkennslu og þeim hugtökum og fagorðum sem eru notuð. Mikilvægt er að upplýsa foreldra um staðreyndir og kenna þeim aðferðir á eins einfaldan hátt og unnt er. Það er einkum þrennt sem hugmyndin um öflugra fræðslu varðandi lestur og lestrarnám í grunnskóla byggir á:

- Rannsóknir hafa sýnt fram á mikilvægi heima-lestrar, börn sem fá lestrarþjálfun heima með aðstoð foreldra ná betri árangri í lestri en þau sem fá litla eða enga þjálfun.

- Foreldrar vilja gjarnan styðja við nám barna sinna eftir bestu getu en vantar oft þekkingu á lestri og hvernig á að þjálfa hann.
- Ef kennarar ætla foreldrum stórt hlutverk í lestrarþjálfun er líklegra til árangurs að upplýsa þá um mismunandi hlutverk skóla og heimilis í lestrarnáminu og fá þeim í hendur verkfæri til þjálfunarinnar.

Velji skólar að senda heim fræðslu með skilaboðum s.s. tölvupósti frekar en að boða foreldra til fundar er sérlega mikilvægt að gæta að því að framsetning sé skýr og einföld svo upplýsingarnar komist til skila.



Skipulag, efni og framkvæmd

Fræðsluefnið samanstendur af þessari handbók, kennslumyndböndum um gagnvirkan lestur, skipulagi gagnvirks paralestrar og texta til að þjálfra foreldra í notkun aðferðarinnar. Í handbókinni eru reitir með heitinu *Stuðningsefni* en þar má finna krækjur á ítarefni og lestraraðferðir á neti sem hægt er að smella á til að nálgast efnið.

Fræðslan miðar að því að:

- Gefa foreldrum nokkra innsýn í margslungið eðli lesskilnings.
- Auka skilning foreldra á mikilvægi umræðu um innihald texta.
- Kenna foreldrum að lesa með börnum sínum í gagnvirkum paralestri.

Fræðsluefnið hentar fyrir nemendur sem komnir eru af stað í lestri. Ef ætlunin er að boða foreldra heilla árganga á fundi eða senda þeim upplýsingar má miða við 3. bekk og eldri.

Í framsetningu efnisins er gert ráð fyrir að haldinn sé fundur með foreldrum en með því að fá þá á staðinn er þeim gefið tækifæri til að spyrja og koma með athugasemdir auk þess sem þeir geta prófað gagnvirkan paralestur sjálfir. Hægt er að nýta efnið með öðrum hætti, til dæmis er hægt að taka eitt eða fleiri efnisatriði og:

- Senda heim stutt skilaboð gegnum fréttabréf, vikupistla eða samfélagsmiðla skólans.

- Kynna valda efnisþætti á haustfundum eða öðrum fundum sem haldnir eru í skólunum.
- Kynna á samfélagsmiðlum skólans.

Ef ætlunin er að nýta efnið til þess að halda fræðslufund þarf að huga að nokkrum atriðum:

- Velja þann sem ber ábyrgð á fræðslunni hvort sem það er stjórnandi eða kennari.
- Velja þann eða þá sem bera ábyrgð á umsjón og framkvæmd fræðslunnar ef það er annar en ábyrgðaraðili. Gott getur verið að mynda teymi sem hjálpast að.
- Velja markhóp fyrir fræðsluna.
- Ef ætlunin er að ná til foreldra allra barna tiltekins árgangs getur verið góð hugmynd að bjóða upp á tvo mismunandi fundartíma til að auka líkur á að allir komst; sem dæmi einn fund að morgni og annan að kvöldi.
- Móta þarf stefnu um hvort þátttaka forráðamanna í fræðslu sé valkvæð eða hvort gert er ráð fyrir að allir mæti. Ef sú stefna er mörkuð að allir forráðamenn skulu upplýstir um fræðsluefnið þarf að huga að eftirfylgni skólans varðandi þá sem ekki koma.

Tillaga að framkvæmd

Það er að ýmsu að hyggja þegar fræðslufundur er skipulagður og boðað til hans. Ákveða þarf efnistöð, hver eða hverjir eigi að flytja efnið og hvort fræðslunni verði fylgt eftir með hvatningu, upprifjun eða öðrum hætti. Gott er að hafa í huga að gott skipulag, skýr rammi um fræðslufundinn og viðvera skólastjórnenda eru skýr skilaboð til foreldra um mikilvægi fundarins. Hér fyrir neðan er hugmynd að skipulagi sem hægt er að hafa til hliðsjónar þegar valin er heppilegasta leiðin fyrir skólann varðandi námskeiðshaldið. Athugið að þetta er einungis dæmi um útfærslu.

VERKEFNI	FRAMKVÆMD	ÁBYRGÐARAÐILI
Fyrirkomulag fundartíma	Tveir fundir haldnir, annar að kvöldi og hinn að morgni, nokkrir dagar hafðir á milli. Stjórnandi sér um að kanna og velja hentugar dagsetningar í samstarfi við umsjónar- og sérkennara.	Stjórnandi
Fundarboð og skráning	Umsjónarkennarar skrá foreldra á fræðslufund á viðtalsdegi í upphafi skólaárs. Ef fundurinn er það seint að ekki hentar að skrá þann dag senda umsjónarkennarar póst með tímasetningum sem foreldrar geta valið og kalla eftir svörum foreldra innan viss tíma. Ef ætlunin er að allir nemendur eigi fulltrúa á fundinum afhendir umsjónarkennari stjórnanda nöfn þeirra sem ekki hafa boðað komu sína á annan hvorn fundinn, stjórnandi hringir og kannar hvor tíminn hentar. Umsjónarkennari sér til þess að mætingarblað þar sem foreldrar skrá viðveru sé til staðar á fundinum svo hægt sé að fá yfirlit yfir raunverulega mætingu.	Umsjónarkennari
Flutningur efnis	Sérkennari og umsjónarkennari/-kennarar skipta efninu á milli sín í samræmi við hlutverk en sérkennari ber ábyrgð á að setja efnið saman í eina heild þannig að allir séu sáttir með sinn hluta og fræðslan rökrétt. Sérkennari gerir grein fyrir störfum sínum, skimunum, vísbendingum um vanda, viðmiðum og því sem mætti flokka sem fræðilega hluta kynningarinnar. Umsjónarkennari segir frá kennsluáðferðum s.s. innlögn, lestri í skóla og væntingum til foreldra varðandi þjálfun heima.	Sérkennari
Viðstaddir á vegum skólans	Það er gott ef allir sem koma að lestrarkennslu og þjálfun í árganginum eru viðstaddir svo foreldrar fái að sjá þá. Einhver af stjórnendum skólans ætti ávallt að vera viðstaddur fræðslufund, bæði til að vera meðvitaður um skilaboðin til foreldra og eins til að undirstrika mikilvægi verkefnisins. Stjórnendur geta skipst á að mæta en einn þeirra er ábyrgur fyrir að sjá til þess að einhver sitji fundinn. Stjórnandi er ábyrgur fyrir því að bjóða og gera öðrum kennurum og stuðningsfulltrúum skólans kleift að sitja fund til að gera þá meðvitaða um fræðsluna og þau skilaboð sem skólinn sendir foreldrum.	Stjórnandi
Eftirfylgni	Eitt og eitt atriði sem umsjónarkennara finnst mikilvægt nefnt í vikulegu fréttabréfi.	Umsjónarkennari
Foreldrar sem mættu ekki	Stjórnandi með aðstoð umsjónarkennara kannar hvort og þá hverjir komu ekki á fræðslufundinn og afstaða tekin til þess hvort rétt sé að a) boða þá á sérstakan fund. b) senda póst með helstu atriðunum og hvetja til samstarfs.	Stjórnandi og umsjónarkennari
Foreldrar barna með ÍSAT	Gæta þess að boða viðeigandi túlk/túlka á fundi og upplýsa foreldra um að fundurinn verði túlkaður.	Stjórnandi

Tillaga að foreldrafræðslu

Kynning á efni fundar og starfsfólki

Samvinna um læsi

Gagnvirkur lestur og umræður
í heimalestri

Glæra 1

Efni fundar

- Efni fundar og skipulag
- Kynning á þeim sem koma að lestrarkennslu árgangsins

Glæra 2

Markmið með lestri og samræðum

Lestur er verkfæri til náms

Á fyrstu árum lestrarkennslu er áherslan að miklu leyti á tæknilegan lestur, orkan og einbeitingin fer að miklu leyti í umskráningu. Á þessari glæru er tilvitnun í fræðimennina Harvey og Goudvis og er tilgangurinn að minna foreldra á að markmiðið með lestri er að skilja innihaldið. Af og til heyrir sú skoðun að lestrarkunnátta hafi að einhverju leyti tapað gildi þegar nútímatækni býður upp á ýmsa möguleika til að sækja sér þekkingu. Að geta sótt sér upplýsingar með fjölbreyttum leiðum er mikilvægt og það skiptir máli að börnin öðlist hæfni til að nýta sér allar leiðir til upplýsingaöflunar, þar með talið ritaða texta.

Lestur er verkfæri til náms

Markmið með lesskilningi
er að öðlast og nýta sér þekkingu.

Harvey og Goudvis, 2013

Glæra 3

Mikilvægi þess að ræða innihald texta

Þegar börn fá tækifæri til að lesa með og ræða við fullorðinn aðila sem er reyndur lesari og býr yfir meiri þekkingu, styður það við möguleika barnsins að tileinka sér þá hæfni sem er m.a. fólgin í því að nýta sér ritaðan texta til upplýsingaöflunar. Sú hæfni nýtist barninu þá einnig í sjálfstæðum lestri, þ.e. þessi ígrundun verður eðlilegur hluti af því að lesa. Fyrir þau börn sem eiga erfitt með lestur er stuðningur fullorðinna ómetanlegur og forsenda þess að ná árangri, því auk þess að efla ofangreinda hæfni hjá barninu þarf að hjálpa því þegar það rekur í vörðurnar.

Það þarf að leggja mikla áherslu á mikilvægi þess að foreldrar gefi sér tíma og séu virkir hlustendur og þátttakendur í lestrinum og umræðunum. Það eru góð skilaboð til foreldra að sá tími sem notaður er í umræður og orðskýringar sé vel varið.

Mikilvægi þess að ræða texta


- Þegar við ræðum saman um texta á skipulegan hátt aukum við líkur á skilningi og festum innihaldið betur í minni.
- Að lesa með barninu sínu og ræða við það styður við lestrarnám þess og veitir aðhald. Það gefur líka góð tækifæri til að víkka út umræðuna og kynna sér ýmis málefni sem byggja upp þekkingargrunn.
- Fyrir þá sem eiga erfitt með lestur og skilning eru markvissar samræður ómetanlegt tækifæri til að læra að hugsa eins og reyndur lesari.

Glæra 4

Stuðningsefni

Á [Læsisvef Menntamálastofnunar](#) má finna umfjöllun um hæfnina sem einkennir góða lesara en hann spyr meðal annars spurninga, kann að draga ályktanir og greina aðalatriði í texta:

- [Hvað einkennir góðan lesara](#)



Lesskilningur

Tilgangur glærunnar er að veita yfirsýn yfir lykilþætti sem stuðla að góðum lesskilningi. Aðaláherslan er á lesfimi og orðaforða og mikilvægt að allir átti sig á því að hvort tveggja þarf að eflast og þroskar í samræmi við stigþyngjandi lesefni og kröfur í námi. Margir falla í þá gryfju að hætta að þjálfast lestur þegar börnin eru komin á miðstig eða jafnvel fyrr, sérstaklega ef börnunum hefur gengið ágætlega að ná lesfimiviðmiðum. Barn sem getur við lok fyrsta bekkjar auðveldlega lesið lestrarbók fyrir byrjendur og skilið innihaldið þarf áframhaldandi þjálfun til að ráða við til dæmis lengri skáldsögu eða fræðitexta. Eftir því sem textar þyngjast eru fleiri löng og framandi orð, málsgreinar lengjast, tengingar milli málsgreina, blaðsíða og kafla verða fleiri og flóknari. Textinn verður fjölbreyttari, þ.e. hann getur verið blandaður fyrstu persónu frásögn, samtölum, endurliti og fleiru. Ýmislegt fer að

Lesskilningur

Er flókið fyrirbæri en fyrst og fremst háður tveimur þáttum:

- Lesfimi - að geta lesin orðin.
- Orðaforða - að skilja orðin sem lesin eru.

Fleiri þættir hafa áhrif:

- Þekking á uppbyggingu texta
- Bakgrunnsþekking
- Ályktunarhæfni
- Stýrifærni

Glæra 5

liggja á milli línanna, þ.e. lesari þarf að skilja eitthvað sem ekki er sagt beinum orðum og krafa um bakgrunnsþekkingu og ályktunarhæfni eykst. Þessi hæfni þarf að fá að vaxa með börnum gegnum fjölbreytta texta sem þyngjast stig af stigi.



Mikilvæg hugtök

Ólíklegt er að foreldrar hafi þekkingu á lykil-hugtökum tengd lestri og því getur verið gott að gefa sér tíma til að fara stuttlega yfir þau þrátt fyrir að ítarlega sé farið yfir þau á næstu glærum:

Lesfimi: Sjálfvirkur, nákvæmur lestur og gott lestrarlag (hæfilegur hraði, réttar áherslur og gott hljómfall). Þegar lestur er sjálfvirkur og réttur er auðveldara fyrir lesarann að leggja merkingu í textann.

Orðaforði: Öll þau orð sem einstaklingur hefur á valdi sínu, bæði virkur orðaforði sem er notaður daglega og óvirkur orðaforði sem einstaklingur notar lítið en skilur.

Þekking á uppbyggingu texta: Ef lesari er kunnugur formi textans sem hann les verður lesturinn auðveldari. Til dæmis er uppbygging fræðitexta og skáldsagna yfirleitt ólík og mikilvægt að kunna að greina þar á milli.

Bakgrunnsþekking: Lesari notar fyrri þekkingu á efni og ýmsu því tengdu til að skilja það sem hann les. Nýjar upplýsingar úr textanum eru tengdar við fyrri þekkingu.

Ályktunarhæfni: Að átta sig á því sem ekki stendur beinum orðum.

Stýrifærni: Hugarferli sem einstaklingur notar til að skipuleggja, flokka, hefja og ljúka verkefnum á meðan hann stjórnar tíma, athygli og tilfinningum.



Lesfimi

Lesfimi er sjálfvirkur, nákvæmur lestur og gott lestrarlag (hæfilegur hraði, réttar áherslur og gott hljómfall). Þegar lestur er sjálfvirkur og réttur er auðveldara að leggja merkingu í textann.

Umræða um lesfimi er stundum á þá leið að ofuráhersla sé á óþarflega mikinn leshraða og flestir kennarar hafa sjálfsgagt fengið spurninguna „skiptir hraðinn einhverju máli ef lesskilningur er góður?“ Staðreyndin er sú að flæðið í lestrinum skiptir máli að því leyti að þegar er hægt á lestrinum til að umskrá orð, leiðrétta sig og slíkt, hefur það neikvæð áhrif á lesskilninginn. Lesfimi og lesskilningur haldast í hendur þannig að góð lesfimi með réttum áherslum eykur lesskilning og góður lesskilningur eykur líkur á réttum áherslum. Slök lesfimi og rangar áherslur hafa neikvæð áhrif á skilning og lítill skilningur hefur þau áhrif að erfitt er að setja réttar áherslur í lesturinn. Börn sem eiga erfitt með lestur lesa oft mjög eintóna. Sem sagt, ef lesari veit nákvæmlega hvað er að gerast í textanum á hann auðveldara með að beita blæbrigðum raddar rétt, til dæmis að hækka rödd aðeins þegar um spurningu er að ræða, jafnvel þó að hann sé að lesa textann í fyrsta skiptið. Þannig hafa líklega flestir lent í því að lesa með röngum áherslum, farið til baka í upphaf málsgreinar og leiðrétt áherslur í samræmi við merkingu textans.

Lesfimi er grunnur að lesskilningi

- Til að eiga möguleika á að skilja texta verður nemandinn að geta lesið (umskráð) hann.
- Góð lesfimi styður við lesskilning og lítill færni í lesfimi getur hindrað skilninginn.
- Lesfimi er ekki bara leshraði, en hraðinn skiptir máli að því leyti að þegar hægt er á lestrinum til að umskrá orð hefur það neikvæð áhrif á lesskilninginn.
- Þegar við lesum viljum við að orkan fari í að hugsa um innihaldið en ekki að umskrá orðin með erfiðismunum.

Glæra 6

Stuðningsefni

Á *Læsisvefnum* er að finna ítarlegar upplýsingar og aðferðir til að þjálfra lesfimi:

- [Um lesfimi](#)
- [Lesfimiaðferðir](#)

Orðaforði

Orðaforði yfir daglegar athafnir inni á heimilum er ekki mjög fjölbreyttur, sömu orðin yfir athafnir og nærumhverfi eru notuð og í daglegum samskiptum á heimilum er óvíst að vandi barna með slakan orðaforða komi fram. Það er ekki víst að foreldrar átti sig á nauðsyn þess að efla orðaforða barna eða hvaða áskoranir í námi bíða þeirra barna sem hafa lítinn orðaforða.

Hér er einkum lögð áherslu á þrennt:

- Að það sé börnunum mjög erfitt að skilja og ræða um hluti sem þau hafa ekki orð yfir og það hafi slæm áhrif bæði á nám og samskipti.
- Að lestur og samræður sé ein besta leiðin til að öðlast nýjan orðaforða og því sé verið að leggja áherslur á gagnvirkan paralestur sem gefur góð tækifæri til að ræða orð og hugtök.
- Að mikilvægt sé að hlusta eftir því hvort að börnin skilji ekki einhver orð því þau vilja stundum bara drífa sig í gegnum heima-lesturinn og ekki eyða tíma í umræður um orð. Þá þarf fullorðni aðilinn að vera vakandi og hafa frumkvæði. Það heyrir t.d. oft á blæbrigðum í lestrinum hvort að barn skilur innihaldið eða ekki.

Orðaforði

- Tungumálið er undirstaða lestrar og náms.
- Orð eru verkfæri hugans (Vygotsky).
- Þekking okkar er að miklu leyti bundin í orðaforða, þ.e. við höfum orð yfir það sem við vitum.
- Nemendur eiga erfitt með að skilja, hugsa og ræða um þá hluti sem þeir eiga ekki orð yfir.

Glæra 7

Stuðningsefni

Upplýsingar um orðaforða og tengsl hans við lesskilning má finna á *Læsisvefnum*:

- [Um orðaforða og lesskilning](#)



Bakgrunnsþekking

Við lestur er sífellt verið að máta innihald textans við það sem lesarinn veit fyrir og það er mun auðveldara að lesa um eitthvað sem viðkomandi hefur reynslu af. Barn sem æfir fótbolta en þekkir ekki til hesta á auðveldara með að skilja lýsingar sem það les tengdar fótboltaíðkun en hestamennsku, enda getur barnið auðveldlega séð fyrir sér það sem er að gerast í texta um fótbolta. Barn sem er alið upp á fjárbúi á mun auðveldara með að átta sig á texta um sauðburð eða réttir en barn sem hefur ekki reynslu af sveitinni o.s.frv.

Hér er gott að leggja áherslu á að börn græða á að eiga sem auðugastan reynsluheim og með því að lesa með þeim og ræða um innihaldið erum við að auðga þennan reynsluheim enn frekar. Með því að ræða til dæmis um það sem fyrir augu ber þegar ferðast er eða hlusta saman á fréttir hjálpar einnig til við að auka þekkingu og orðaforða. Það er gott að tengja þessa glæru við þá síðustu um

Ályktunarhæfni

Ályktunarhæfni er að skilja hvað er verið að meina þrátt fyrir að það standi ekki berum orðum í textanum. Í samræðum og við hlustun heyrast blæbrigði raddarinnar sem gefa til kynna að einhver sé t.d. óöruggur, spenntur o.s.frv. en þegar lesið er þarf oft að átta sig á því sem liggur milli línanna, stendur ekki beinum orðum. Þarna hafa bakgrunnsþekking og orðaforði mikil áhrif. Oft þarf að benda börnum á þetta í texta og þá er gott að nota tækifærið í spurningunum og spyrja hvernig barnið haldi að einhverri persónu líði eða eitthvað álíka.

Bakgrunnsþekking

- Ekkert hefur jafnmikil áhrif á nám okkar og skilning eins og það sem við þegar vitum (Harvey og Goudvis, 2013).
- Þegar við lesum erum við stöðugt að máta innihald textans við það sem við vissum fyrir og ígrunda innihaldið í takti við það. Eftir því sem við höfum víðtækari og dýpri þekkingu á lesefninu gengur okkur betur að átta okkur á innihaldi textans.
- Ný þekking dagsins í dag er bakgrunnsþekking morgundagsins.

Glæra 8

orðaforða, því þekking okkar er að miklu leyti bundin í orðaforða, einstaklingar hafa orð yfir það sem þeir vita.

Ályktunarhæfni

Hvað stendur ekki berum orðum en lesandinn á samt að átta sig á? Að hverju er verið að ýja milli línanna?

Barnfóstran las draugasögu fyrir svefninn og systkinin vildu hafa ljósið kveikt um nóttina.

Glæra 9



Á glærunni er stutt dæmi um hvernig ályktunarhæfni er notuð til að átta sig á fleiru en kemur beint fram í textanum.

Barnfóstran las draugasögu fyrir svefninn og systkinin vildu hafa ljósið kveikt um nóttina.

- Barnfóstra les kvöldsögu, sú ályktun dregin að foreldrarnir séu ekki heima. Barnfóstrur passa börn, orðaforði og bakgrunnsþekking skýrir það.
- Draugar eru hræðilegir og draugasögur geta verið það líka, bakgrunnsþekking á slíkum sögum er virkjuð til að skilja það.
- Systkinin hafa ljósið kveikt um nóttina, það má draga þá ályktun að þau hafi orðið hrædd vegna draugasögunnar og vilji ekki hafa myrkur.

Stýrifærni

Stýrifærni er sú hæfni sem við notum til að stjórna hugsunum okkar, tilfinningum og atferli þannig að við náum að gera það sem við ætlum okkur, hvort sem það er að púsla, fara á milli staða eða lesa texta okkur til skilnings. Lesskilningur er afar flókið ferli og háður mörgum þáttum eins og reynt er að útskýra fyrir foreldrum í þessari fræðslu. Að hafa stjórn á sjálfum sér og ná að einbeita sér er afar mikilvægt til að lesturinn verði árangursríkur.

Eftir því sem textar þyngjast verður þrautseigja æ mikilvægari, að barn haldi út að einbeita sér og ígrunda lengri og þyngri texta. Hér er dæmi um tvo texta þar sem hægt er að sýna foreldrum muninn á texta fyrir byrjendur þar sem áherslan er á að kenna umskráningu og svo texta fyrir miðstig sem er mun flóknari, inniheldur lengri orð, setningar og málsgreinar, fleiri greinarmerki, beina ræðu og óbeina í sama texta og ýmsar tilvísanir og tengingar.

Stýrifærni

Lestur er flókin athöfn sem krefst fleira en bara þess að geta umskráð einstök orð og málsgreinar.

Það þarf t.d. að ...

- lesa orðin og skilja,
- átta sig á merkingu heildarinnar sem er lesin og tengja við aðra þekkingu,
- beita útsjónarsemi og leita leiða þegar skilning skortir,
- og halda einbeitingu og þrautseigju jafnvel þó textinn sé þungur og truflun sé í umhverfinu.

Glæra 10



Aðalatriðið á þessum tveimur glærum er að:

- Stýrifærni þarf að þjálf eins og annað.
- Ef börn hafa lítið úthald er hægt að lengja tímann sem lesið er í litlum skrefum.

Ef texti vex börnum mjög í augum getur foreldri lesið meirihlutann og hægt og rólega aukið hluta barnsins.

Lesskilningsaðferðir miða flestar að því að hjálpa lesaranum að gera sér grein fyrir því innra hugarferli sem á sér stað þegar glímt er við texta og fá honum verkfæri í hendur til að takast á við hindranir. Gagnvirkur paralestur er góð aðferð til að efla þetta tvennt, það er auðveldara að takast á við texta í samvinnu við foreldri sem styður við þegar þarf og með því að lesa og ræða skipulega saman þjálfast þetta innra hugarferli.

Stýrifærni

Rím og lím

Ég vel rím,
sagði Valur.

Og ég vel rím,
sagði Emil.

Ég vel ekki rím,
sagði Lára, ég vil líma.

Hræðilegur glæpur

„Það er búið að stela teningnum mínum.“

„Teningnum þínum?“ endurtók hann hissa og leit ósjálfrátt niður á bringu Mortimers þar sem hundraðhliða-teningurinn átti að hanga í silfurkeðju. Annar af stóru teningunum tveimur. Teningur Dauðans. Sá sem deildi út æviárum mannanna. En þar var enga keðju að sjá. Engan tening.
„Hvenær?“

Glæra 11



Gagnvirkur lestur: Ferlið

Þessi glæra sýnir ferlið sem gengur hring eftir hring eftir því sem lengra er lesið í texta.


Hæfileg eining texta er valin til að lesa upphátt. Í byrjun þurfa kennarar oft að stýra magni þess texta sem lesinn er í einu.

Ef valið er að lesa í paralestri er skipst á að lesa og fara eftir ferlinu en einnig er hægt að hlusta á barnið lesa upphátt texta í hæfilegum hlutum í einu og fylgja ferlinu eftir hvern hluta. Það er þó töluverður ávinningur af því að foreldri lesi á móti barninu, t.d. getur foreldri verið góð fyrirmynd hvað varðar framkvæmd og lestrarlag og svo verður lestrarstundin léttari og ánægjulegri í augum barnsins.

Skýra út það sem er óljóst: Það þarf iðulega að hvetja börn til að leita útskýringa á orðum og hugtökum, oft heyrir á rödd þeirra þegar skilning þrýtur. Stundum má líka gera ráð fyrir hvaða orð það eru sem börnin hafa líklega ekki heyrt áður. Þegar orð eru útskýrð er mjög gott að setja þau í annað samhengi til að auka líkur á að þau festist í minni.

Draga saman helstu efnisatriði: Það þarf mjög oft að aðstoða börn við að draga fram aðalatriðin til að byrja með en svo eykst færni þeirra. Það getur verið sniðugt að biðja þau um að segja það mikilvægasta í eins fáum orðum og þau geta.

Spyrja spurninga: Það getur stundum reynst erfitt að finna heppilegar spurningar. Það er mikilvægt að börnin átti sig á að það má spyrja um hvað sem er tengt lesefninu, hvort sem það er beint úr textanum eða um eitt-hvað úr eigin reynsluheimi eða vangaveltum



og skoðunum. Í sumum bókum eru spurningar úr textanum í bókinni sjálfri og um að gera að nýta þær ef vill.

Spá fyrir um framhaldið: Fyrri þekking er notuð til að spá fyrir um framhaldið, þannig sýnir barnið skilning sinn á því sem hefur komið fram í textanum með því að spá fyrir um það sem gerist næst. Mikilvægt er að börnin skilji að þetta er ekki spurningakeppni, það er allt í lagi að hafa rangt fyrir sér og mjög gott að ræða muninn á forspánni og raunverulegum atburðum þegar lestrinum er haldið áfram og framhaldið kemur í ljós.

Til að útskýra þetta ferli betur fyrir foreldrum er sniðugt að taka dæmi um sögu sem reikna má með að flestir þekki, til dæmis *Geiturnar þrjár* eða *Rauðhettu*:

Skýra út: Hvað er kiðlingur? Hvað er engi?

Draga saman: Þrjár geitur, geitapabbi, geitamma og kiðlingur vildu komast á betra engi en þurftu að komast yfir brú þar sem vont tröll bjó undir.

Spyrja spurninga: Hvað ætli Kiða-kið hafi hugsað þegar hún gekk út á brúna? Hver

finnst þér að hefði átt að fara fyrst yfir? Hvernig hefði þér liðið að fara yfir brú þar sem er tröll sem hótar að éta þig?

Forspá: Ég er viss um að Kiða-kið kemst yfir. Ég held að tröllið nái Kiða-kið og geitapabbi þurfi að bjarga henni.

Það er gott að gefa sér góðan tíma í þessa glæru og fara rólega yfir ferlið og leggja áherslu á að það sé mjög eðlilegt að foreldrið þurfi að vera leiðandi í ferlinu til að byrja með.

Gagnvirkur paralestur: Myndbönd

Á slóðunum hér fyrir neðan má finna myndbönd þar sem barn og kennari lesa saman í gagnvirkum paralestri. Bæði er um að ræða lestur á sögu og fræðitexta. Myndböndin eru stutt og hægt að sýna foreldrum annað eða bæði og senda svo heim slóðirnar svo foreldrar geti skoðað þau betur.

Stuðningsefni

Myndböndin sýna hvernig gagnvirkur paralestur fer fram, ýmist við lestur á sögu eða fræðitexta:

- [Gagnvirkur paralestur með sögu](#)
- [Gagnvirkur paralestur með fræðitexta](#)



Gagnvirkur paralestur: Æfing

Það eru miklu meiri líkur á að foreldrar tileinki sér aðferðina ef þeir prófa hana sjálfir. Það þarf ekki nema 5–8 mínútur til að foreldrar nái að fara gegnum ferlið saman tveir og tveir. Á blaðsíðu 24 má finna skipulag gagnvirs paralestrar sem hægt er að prenta út og afhenda foreldrum. Hægt er að láta foreldra spreyta sig á aðferðinni með því að nota þjóðsöguna á bls. 25 en hún gæti verið heppileg þar sem líklegt er að margir foreldrar muni þurfa að hafa fyrir lestrinum og rekast á orð sem þeir hafa ekki séð áður. Ef foreldrar sem tala ekki íslensku sem fyrsta mál eru á fræðslufundinum er hægt að velja hvaða texta sem er en ágætt, er að velja sögu, til dæmis úr lestrarbók, svo hægt sé að gera forspá.

Gagnvirkur paralestur: Æfing

Fyrsti hluti lesinn

- A les upphátt, B fylgist með.
- Var eitthvað óljóst? Voru einhver erfið orð? Hvað þýða þau?
- A spyr einnar spurningar.
- B svarar.
- A spáir fyrir um framhaldið (ef við á).

Næsti hluti lesinn

- B les upphátt, A fylgist með.
- Var eitthvað óljóst? Voru einhver erfið orð? Hvað þýða þau?
- B dregur saman, A hjálpar ef þarf.
- B spyr einnar spurningar.
- A svarar.
- B spáir um framhaldið (ef við á).

Glæra 13



Að lokum

Gott er að draga örstutt saman það mikilvægasta úr fræðslunni og segja foreldrum hvert þeir geta leitað ef þeir þurfa frekari leiðbeiningar (umsjónarkennari, sérkennari eða einhver annar). Mikilvægt er að hvetja foreldra til dáða og minna þá á mikilvægi þátttöku þeirra í lestrarnámi barna sinna.

Þeim tíma sem varið er í heimalestur, umræður um orð og innihald er virkilega vel varið og slík vinna hefur jákvæð áhrif á færni barnanna til náms í framtíðinni.

Gott er að minna á að hlutverk kennara er meðal annars að vera til staðar og leiðbeina, foreldrar eiga að geta leitað með allar spurningar og vandamál varðandi heimalesturinn til skólans og fengið svör og jákvæða hvatningu. Eðlilegt er að kennarar hafi ekki alltaf svör á reiðum höndum og þurfi að gefa sér tíma til að afla upplýsinga en *Læsisvefur Mennta-*

Að lokum

- Dragið örstutt saman það mikilvægasta.
- Hvetjið til spurninga og umræðna.
- Hvetjið til að haft sé samband við kennara ef áhyggjur eða spurningar vakna, allar spurningar eru þess virði að þær séu bornar upp.

Glæra 14

málastofnunar er gagnleg upplýsingaveita og verkfærakista sem kennarar geta nýtt sér í þessum tilgangi. Það er sameiginlegt verkefni skóla og heimilis að gera nemendur læsa og því eru góð samskipti, gagnkvæm virðing og viðleitni lykilatriði svo takast megi að ná þessu mikilvæga markmiði.



Skipulag gagnvirks paralestrarar

Gagnvirkur paralestur

Ákveðið hvor lesari er A og hvor er B. Skiptið textanum upp í hæfilega langar einingar. Skiptist á að lesa samkvæmt ferlinu hér að neðan.

- A les upphátt, B fylgist með.
- Var eitthvað óljóst? Voru einhver orð erfið? Hvað þýða þau?
- A dregur saman, B hjálpar ef þarf.
- A spyr einnar spurningar.
- B svarar.
- A spáir fyrir um framhaldið (ef við á).

- B les upphátt, A fylgist með.
- Var eitthvað óljóst? Voru einhver orð erfið? Hvað þýða þau?
- B dregur saman, A hjálpar ef þarf.
- B spyr einnar spurningar.
- A svarar.
- B spáir fyrir um framhaldið (ef við á).



Hver rífur svo langan fisk úr roði?

Úr þjóðsögum Jóns Árnasonar

A

Einu sinni voru hjón á bæ mjög aðsjál og urðu þó að halda vinnufólk nokkurt. Þeim blæddi í augum hversu mikið fólkið borðaði og þó helst bóndanum, einkum um miðjan daginn, enda var bóndinn vanur að taka til fisk handa því til miðdegisverðar. En málamatinn skammtaði konan og fékkst minna um hann en bóndi um fiskætið, enda er það sumra manna sögn að hún væri vinnufólkinu hliðhollari en bóndi hennar.

Til þess að losa sig við þá hörmung að þurfa að taka fiskinn til handa fólkinu daglega eða fyrir vikuna tók bóndi upp á því að vega því út í einu fisk fyrir allt árið. En með því honum ofbauð hvað til þess þurfti lét hann vanta til fyrir einn dag.

A

Ekki er þess getið hvað hið annað vinnufólkið hafi til bragðs tekið um át þann daginn, en þegar smalinn kemur heim og ætlar að fara að snarka fiskbitann sinn sér hann að útvigtin er þrotin. Hleypur hann þá út úr baðstofunni fram í bæ til konunnar og segist vera búinn með útvigtina sína. Konan kvaðst nú hafa annað að hugsa en standa honum fyrir beina þar sem maðurinn sinn lægi á börunum.

Smalinn sagði: "Ég vil allt að einu hafa mat minn, en engar refjar."

B

Nú afhendir hann hverjum fiskætið og segir konu sinni frá að hann hafi látið vanta upp á fiskinn fyrir einn dag og segist hann þá ætla að látast deyja um þær mundir og liggja á börunum þennan seinasta dag af útvigtartímanum og muni þá fólkið fyrir hryggðar sakir gleyma að borða þann daginn.

Nú líða tímar fram og þegar hinn ákveðni tími kemur læst bóndi deyja og er hann lagður til á fjöl, sumir segja inni í baðstofu, en aðrir úti í skemmu.

B

Konan segir hann skuli þá fara út í skemmu og fá sér fisksnarl. Smali gerir svo, tekur þar löngu eða reginþorsk, sest með hana inn á rúm andspænis líkinu og rífur þar úr allan hnakkann eftir endilöngum fiskinum í einni rifu.

Bóndi heyrir þetta, rís upp undir blæjunni við dogg og segir: "Hver rífur svo langan fisk úr roði?"

Smali hélt að bóndi væri afturgenginn og rekur því sjálfskeiðinginn á hol í hann. Eftir það blæddu bónda aldrei í augum löngu fiskrifurnar því hann þurfti ekki meira.

Heimildir og ítarefni

Anna Guðmundsdóttir. (2007). *Lesið til skilnings. Handbók í gagnvirkum lestri*. Reykjavík: Námsgagnastofnun. Sótt af http://vefir.nams.is/lesid_til_skilnings/lesidtilskilnings_klb.pdf

Amalía Björnsdóttir, Baldur Kristjánsson og Börkur Hansen. (2008). Námsáhugi nemenda í grunnskólum: Hver er hann að mati nemenda og foreldra? Hvernig breytist hann eftir aldri og kyni? *Tímarit um mennta-rannsóknir*, 5, 7–26.

Crosby, S. A., Rasinski, T., Padak, N. og Yildirim, K. (2015). A 3-year study of a school-based parental involvement program in early literacy. *The Journal of Educational Research*, 108(2), 165–172.

Elva Eir Þórólfsdóttir, Guðmundur Engilbertsson og Þorlákur Axel Jónsson. (2019). Snemmtæk íhlutun í lestrarnámi í 1. bekk. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. Sótt af: <http://netla.hi.is/greinar/2019/ryn/10.pdf>

Epstein, J. L. (2011). *School, family and community partnerships: Preparing educators and improving schools* (2. útgáfa). Boulder, CO: Westview Press.

Guðmundur Engilbertsson. (2013). *Orð af orði*. Sótt af <https://hagurbal.weebly.com/>

Harvey, S. og Goudvis, A. (2013). Comprehension at the core. *The Reading Teacher*, 66(6), 432–439. Sótt af <https://ila.onlinelibrary.wiley.com/doi/pdf/10.1002/TRTR.1145>

Hornby, G. og Lafaele, R. (2011). Barriers to parental involvement in education: An explanatory model. *Educational Review*, 63(1), 37–52.

Johnston, V. (2019). Dyslexia: What Reading Teachers Need to Know. *The Reading Teacher*, 73(3), 339–346. Sótt af <https://ila.onlinelibrary.wiley.com/doi/10.1002/trtr.1830>

Kuhn, M. R., Schwanenflugel, P. J., & Meisinger, E. B. (2010). Aligning theory and assessment of reading fluency: Automaticity, prosody, and definitions of fluency. *Reading research quarterly*, 45(2), 230–251.

Lög um grunnskóla nr. 91/2008.

Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2013). *Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti 2011*. Reykjavík: Höfundur.

Menntamálastofnun. (e.d.) *Læsisvefurinn*. Sótt af <https://laesisvefurinn.is/>

Menntavísindasvið HÍ og Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (e.d.). *Lesvefurinn um læsi og lestrarerfiðleika*. Sótt af: <http://lesvefurinn.hi.is/>

Nanna Kristín Christiansen. (2010). *Skóli og skólaforeldrar: Ný sýn á samstarfið um nemandann*. Reykjavík: Höfundur.

National reading panel (NRP). (2000). *Teaching children to read: An evidence-based assessment of the scientific research literature on reading and its implications for reading instruction*. Washington, DC: National Institute of Child Health and Human Development.

OECD. (2012). *Let's read them a story! The parent factor in education*, PISA, OECD Publishing. <http://dx.doi.org/10.1787/9789264176232-en>

Paratore, J. og Edwards, P. (2011). Parent-teacher partnerships that make a difference in children's literacy achievement. Í L. M. Morrow og L. B. Gambrell (ritstj.), *Best practices in literacy instruction* (4. útg.) (bls. 436–454). New York: The Guilford Press.

Pearson, P.D. (2008, February). Keynote Presentation at the Annual Colorado Council of the International Reading Association, Denver, CO.

Rasinski, T. V., og Smith, M. C. (2018). *The megabook of fluency: Strategies and texts to engage all readers*. Scholastic.

Shanahan T. (2020). Shanahan on literacy.
Sótt af <https://www.shanahanonliteracy.com/>

Stanovich, K. E. (1986). Matthew effects in reading: Some consequences of individual differences in the acquisition of literacy. *Reading Research Quarterly*, 21(4), 360–407.

Walpole S. og McKenna M. C. (2007). *Differentiated reading instruction: Strategies that work*. New York: Guilford Press.

Vacca, J. A. L., Vacca, R. T. og Gove, M. K. (2000). *Reading and learning to read* (4. útg.). New York: Longman



Miðstöð menntunar
og skólaþjónustu

40329